

Leirlist – gler – textill – silfur – gull – að Kjarvalsstöðum



„Annars er mikið gert fyrir hlutina á þessari sýningu og þeim komið fyrir á mjög skemmtilegan hátt og þannig að hver einasti hlutur fær að njóta sín til fulls.“

ad mínu mati og mætti áreiðanlega gera betur. Öll lagfæring á þessu leiðinda lofti er þó til hins betra. Annars er mikið gert fyrir hlutina á þessari sýningu og þeim komið fyrir á mjög skemmtilegan hátt og þannig að hver einasti hlutur fær að njóta sín til fulls. Mun það vera arkitektinn Sigurður Snæbjörnsson, sem þarna er á ferð og á veg og vanda af uppsetningu allri. Þessi hópur listiðnaðarfólks sýndi í Hæsselby-höll fyrir skömmu og vakti undrun þeirra í Svíþjóð, aðallega fyrir hvað þeir af Íslandi væru alþjóðlegir í list sinni. Það er ekki í fyrsta skiptið, sem Svíar halda, að við búum enn við gamla sveitasælu og kalla það amerikaniseringu á Íslandi, ef fólk hefur ísskáp. Auðvitað er margra grasa að finna hjá þjóð, er leitar fyrir sef, ekki eingöngu í Skandinavíu, en þórir að kynast því, er aðrir hafa upp á að bjóða í listsköpun.

Ekki sé ég ástæðu til að tala um í þessu skrifum einstaka hluti á þessari sýningu, og ég fullyrði, að Kjarvalsstaðir eru fullsæmdir af að hafa þetta sem sumargleði fyrir erlenda og innlenda ferðamenn, og auðvitað eiga Reykvíkingar það skilið að fá að sjá, hver framvinda mála hefur verið í þessu hér að undanfögnu,

en hún er ótrúleg og ég er viss um, að fáir hafa gert sér grein fyrir, hve lifandi þáttur þetta listastarf er orðið í þjóðlífi okkar. Hér á fyrri árum voru hönnuðir vart til, og ef einhverjir voru, var afar hljótt um þá. En allir vita, að enginn iðnaður, hvorki listrænn né ólistrænn, verður til í landi, sem ekki hlúir að hönnuðum sínum. Hér er að rísa ný stétt, sem verulega á það skilið, að eftir henni sé tekið.

Þeir, sem eiga verk á þessari sýningu, eru gullsmíðirnir, Ásdís Thoroddsen, Jens Guðjónsson og Guðbrandur J. Jezorski. Elisabet Haraldsdóttir, sem sýnir postulín ofl., Guðrún Guðnadóttir stundar keramik, Ragna Róbertsdóttir vefur merkilega hluti, Sigríður Jóhannsdóttir vefur eftir teikningu manns síns, Leifs Breiðfjörð, Sigrún Ólöf Einarsdóttir blæs fagra hluti í gler og Steinnunn Marteinsdóttir sýnir hluti úr postulíni og steinleir. Allt eru þetta að mínu mati mjög frambærilegir hlutir, og þessir listamenn hafa mikinn sóma af þessari sýningu. Það er einnig fróðlegt að sjá, hvernig andlit okkar í þessum hlutum birtist á erlendum vettvangi, og hvað það snertir, má ekki gleyma hluti Stefáns Snæbjörnssonar, sem hefur gert ágætt verk með uppsetningu og frágangi öllum.

Þessi sýning stendur sumarlangt á Kjarvalsstöðum og ættu allir sem því við geta komið, að sjá hvert stefnir hjá okkur í þessum listgreinum. Ég álit það ánægjulegt og forvitnilegt og vonast til að margir aðrir verði mér sammála.

Myndlist

eftir VALTÝ
PÉTURSSON

Sumar að Kjarvalsstöðum

Það var mikið þarfaverk hjá Hafsteini Austmann að mála flekana á Kjarvalsstöðum hvíta. Sannleikurinn er nefnilega sá, að farið er að sjá svo mikið á hinum dökku veggjum staðarins, að ekki var lengur við unað. Það sér maður greinilega, er komið er í Kjarvalssal nú. Þar hefur verið komið fyrir sýningu á verkum Kjarvals, og er hún sérlega vel valin. Nokkrar nýjar myndir hafa áskotnast borginni að undanfögnu, og eru þær nú til sýnis almenningi í fyrsta skipti. Þetta mætti einnig segja um nokkrar þeirra mynda, er fyrir voru, en áttu erfitt uppdráttar vegna hinna þungu veggja, sem nú hafa verið hresstir við, ef svo mætti segja, og var ekki vanþörf á. Það er það langt síðan húsið var tekið í notkun, að það furðar engan, að hressa þurfti upp á hlutina.

Í sumar verða þarna til sýnis yfir hundrað verk eftir Kjarval, sum þeirra eru gamalkunn, en það er alltaf skemmtilegt að sjá myndir þessa merka málara, og hann hefur þann stórkostlega eiginleika að koma manni ætíð í gott skap með sínum furðulegu hugdettum og hinna stórkostlegu litameðferð, sem honum var svo eðlileg.“

„Í sumar verða þarna til sýnis yfir hundrað verk eftir Kjarval, sum þeirra eru gamalkunn, en það er alltaf skemmtilegt að sjá myndir þessa merka málara, og hann hefur þann stórkostlega eiginleika að koma manni ætíð í gott skap með sínum furðulegu hugdettum og hinna stórkostlegu litameðferð, sem honum var svo eðlileg.“

litameðferð, sem honum var svo eðlileg. Það er annars algerlega óþarft að skrifa um sýningu sem þessa. Það hefur verið gert hvað eftir annað, en því geri ég það nú, að nokkur breyting hefur orðið á sjálfum umbúnaði verka Kjarvals, og er það að þakka því, sem áður er minnst á hér á undan. Nýr litur á grunn, getur

eiga verkin, enda eru skráðir hlutir í sýningarskrá hvorki meira né minna en 246. Það hefur borðið til tíðinda á þessari sýningu, að hið umdeilda loft í vestursalnum hefur verið lagað litils háttar, grisja hengd þar í viravirkni og ljósinu þannig dreift á annan hátt en áður, en ekki er ég nú alveg sáttur við grisjuna, hún lafir of langt niður



Meistari
Kjarval
úti í
náttúrunni.

Sólstöðutónleikar

Snorri Sigfús Birgisson er stóra vonin í hópi ungu tónskáldanna. Hann hefur verið einna iðnastur þeirra og nú síðast, er dagur og nótt skarast eitt andartak, hefur hann upp raust sína og kallar menn til fundar við sig. Að þessu sinni er fundarstefna nokkuð óvenjuleg. Snorri leggur fram tvö verk, einleiksverk, og á augnabliki skulu hlustendur dæma um þau verk er tónskáldið hefur á löngum tíma unnið og beitt þar til

allri hugkvæmni sinni og þekkingu. Fyrra verkið eru 21 æfing fyrir píanó en það seinna er einleiksverk fyrir klarinett.

Tónlist
eftir JÓN
ÁSGEIRSSON

Snorri leikur sjálfur æfingarnar en klarinettverkið leikur Óskar Ingólfsson. Píanóæfingarnar eru mjög í ætt við það sem gerst hefur um slíka tónlist á undanfögnu árum og sem tónverkarað eru margar æfingarnar of líkar, að þrátt fyrir að sumar þeirra séu fallegar sér, fela þær hvor aðra vegna samstæðu í gerð og blæ. Það gæti bætt um að skipa æfingunum í færri flokka og leika þær sem samstæðu. Þarna eiga íslenskir píanistar sjóði til að sækja í og auka fjölbreytnina í verkefnavali sínu.

Eins og mörg góð tónskáld hefur Snorri ritað sínar æfingar

„Eins og mörg góð tónskáld hefur Snorri ritað sínar æfingar í tónsmíði og píanóleik og þá er aðeins að bíða eftir stærri gerð tónverka fyrir píanó og heyra hann sprengja af sér viðjar smálagsins.“

í tónsmíði og píanóleik og þá er aðeins að bíða eftir stærri gerð

maður kallað það, og svo er viðbótin, sem til varð á seinustu sýningu á verkum eftir Kjarval ofl., úr safni Ragnars og Grete Ásgeirssonar. Það er skemmtilegt að hugsa til þess, að það eru alltaf að koma nýir möguleikar í ljós með þessa byggingu, og ég fagna því, þegar slíkt kemur fyrir. Vandinn er eingöngu sá að hafa hugmyndaflug til að nýta möguleikana, og það er einmitt það, sem nú hefur gerst.

Kjarvalsstaðir hafa nú um árablið þjónað ýmsum listgreinum og annarri menningarstarfsemi. Nú er sú tíð að renna upp, að menn verða að fara gera sér ljóst, að starfsemi er margþætt og ætti að eiga hljómgrunn hjá borgarbúum. Það eru miklir möguleikar þarna fyrir hendi, ef fjármagn væri að sama skapi, því að allt kostar fjármagn í blessaðri verðbólgunni. Það þarf að verða þannig í framtíðinni, að Kjarvalsstaðir og umhverfi verði miðstöð í menningarlífi borgarinnar og þá loksins hefur tilgangi með byggingu þessa góða húss verið náð.

tónverka fyrir píanó og heyra hann sprengja af sér viðjar smálagsins. Seinna verkið, Rotundum, fyrir klarinett, er nokkurs konar skreytilistaverk. Tónferlið er skreytt með hröðum tvíslagsstrófum, hljómbrotum (arpeggio) og forslögum, en einstaka sinnum er lagferlið án allra skreytinga. Verkið er nokkuð langt, sem Óskar Ingólfsson bætti þó upp með mjög góðum flutningi.

Það verður ekki sagt að Snorri Sigfús Birgisson hafi slegið í gegn með flutningi þessara verka, hann hefur þó sannfært hljólmleikagesti um að hér sé alvara á ferðum.